

Meðferð mála vegna fjarvista og óstundvísi nemenda í 8.-10. bekk Egilsstaðaskóla

Fjarvistir

Kennarar láti foreldra/forráðamenn alltaf vita þegar nemendur mæta ekki í kennslustund. Kennari skráir fjarvistir í Mentor og lætur umsjónarkennara alltaf vita. Umsjónarkennari ræðir sérstaklega við nemanda þegar fjarvist á sér stað og leitar ástæðu hennar.

Ef nemandi er kominn með þrjár fjarvistir kallar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund vegna málsins.

Ef nemandi er kominn með fimm fjarvistir boðar umsjónarkennari foreldra, nemanda og deildarstjóra viðkomandi aldursstigs á fund og leitað er úrlausna.

Ef nemandi er kominn með tíu fjarvistir vísar umsjónarkennari málinu beint til nemendaverndarráðs til umfjöllunar. Ráðið tekur ákvörðun um frekari lausn á málinu. Deildarstjóri á viðkomandi stigi fylgir málinu eftir.

Seint

Ef nemandi er kominn með fimm seint hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn.

Ef nemandi er kominn með tíu seint kallar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund vegna málsins.

Ef nemandi er kominn með fimmtán seint boðar umsjónarkennari foreldra, nemanda og deildarstjóra viðkomandi aldursstigs á fund og leitar úrlausna.

Ef nemandi er kominn með tuttugu seint vísar umsjónarkennari málinu beint til nemendaverndarráðs til umfjöllunar. Ráðið tekur ákvörðun um frekari lausn á málinu. Deildarstjóri á viðkomandi stigi fylgir málinu eftir.